



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd mánudaginn 6. maí á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Erla María Lárusdóttir, Reynir Lýðsson, Eva Guðbjartsdóttir, Jóhann G. Sigurjónsson og Steindór R. Haraldsson varamaður fyrir Ragnar Már Björnsson. Þá sátu fundinn Bragi Þór Haraldsson byggingarfulltrúi og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Erla María formaður setti fundinn og stjórnaði honum, starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulags- og byggingamál

1. Afgreiðslur byggingarfulltrúa

Bragi Þór Haraldsson byggingarfulltrúi fór yfir afgreiðslu frá síðasta fundi.
Engar afgreiðslur hafa verið frá síðasta fundi.

2. Umsókn um byggingarleyfi Ránarbraut 2a-d

Fyrir fundinum lá umsókn Verkstjórnar ehf dagsett 23. apríl 2024, um byggingarleyfi fyrir raðhús á Ránarbraut 2a-d á Skagaströnd. Ásamt umsókn eru teikningasett af Ránarbraut 2-8 sem sýna breytingu á einbýlishúsalóðunum Ránarbraut 2-8 sem felur í sér þrjár raðhúsa lengjur. Reiknað er með að á Ránarbraut 4a-d verði ein lengja með fjórum íbúðum og á Ránarbraut 6a-c verði ein lengja með þremur íbúðum. Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir á Ránarbraut 2a-d sumarið 2024. Stærð íbúða er tvær 83 fermetra og tvær 95 fermetra.

Byggingarfulltrúi fór yfir umsóknina eins og hún var lögð fyrir. Þar sem gert er ráð fyrir að breyta einbýlishúsalóðum í raðhúsalóðir þá er lagt til að grenndarkynna breytta notkun á lóðum 2-8 við Ránarbraut. Grenndarkynning mun fara fram meðal húseigenda við Ránarbraut, Norðurbraut 5 og Bogabraut 9 til 17.

Byggingarfulltrúi hefur yfirfarið uppdrætti og gerir ekki athugasemd við þá. Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir að heimiluð verði breytt notkun á lóðunum að Ránarbraut 2-8 að undangenginni grenndarkynningu.

3. Stöðuleyfi

Hafnar- og skipulagsnefnd tók umræðu um stöðu stöðuleyfa í sveitarfélaginu og hvetur þá aðila sem eiga eftir að sækja um stöðuleyfi að ganga frá umsókn.



4. Ræktunarlönd - úthlutunarreglur

Á fundi sveitarstjórnar 14. desember 2023 var drögum að úthlutunarreglum ræktunarlanda vísað til umfjöllunar í Hafnar- og skipulagsnefnd.

Drög að reglum tekin til umfjöllunar.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti drög að úthlutunarreglum.

Hafnarmál

5. Framkvæmdir - Ásgarður

Undirritaður var verksamningur 15. janúar 2024 við Borgarverk endurbyggingu Ásgarðs.

Áætluð verklok eru í desember á þessu ári.

Helstu verkþættir eru:

Brjóta og fjarlægja þekju og polla á núverandi bryggju.

Jarðvinna, uppúrtekt, fylling og þjöppun.

Rekstur á 106 tvöföldum stálpilsplötum og frágangur á stagbitum og stögum.

Steypa 147m langan kantbita með pollum, kantré, stigum og þybbum.

Hafnarstjóri upplýsti um stöðu endurbyggingar Ásgarðs. Stál er væntanlegt til Skagastrandar í þessum mánuði. Annað efni kemur í gámum til Reykjavíkur og verður ekið landleiðina í maí til Skagastrandar. Óljóst er á þessum tímamarki hvar verktakinn fær efni til uppfyllingar.

Þessu tengt þá er gert ráð fyrir að dýptarmælt verði í sumar og mögulega farið í viðhaldsdýpkun í höfninni í haust.

6. Dráttarbraut

Hafnarstjóri upplýsti um stöðu endurnýjunar hjólafestinga í dráttarbrautina og að nú sæi fyrir lok verkefnisins í þessum mánuði. Stjórnuhlástur ehf og Vélaverkstæði Skagastrandar koma að verkefninu.

7. Afla- og skipaupplýsingar

Lögð fram til kynningar skýrsla hafnarvarðar fyrir 2023. Fram kemur m.a. að 1250 landanir voru á árinu, samtals 7.177.585 kg. Mest veiddist á línu eða 4.581.647 kg. Þorskur var 4.035.352 kg af heildaraflanum.

8. Viðbragðsáætlun 2024

Lögð fram til kynningar viðbragðsáætlun fyrir Skagastrandarhöfn 2024 sem sent er árlega til Umhverfisstofnunar. Einnig samantekt um tvö tilvik tengd bráðamengun 2023

9. Ársreikningur Skagastrandarhafnar 2023

Lagður fram til kynningar ársreikningur Skagastrandarhafnar fyrir árið 2023 sem er til umfjöllunar og afgreiðslu í sveitarstjórn. Tekjur hafnarinnar voru 64 m.kr. og



rekstrarniðurtaða 14,3 m.kr. í tekjur umfram gjöld. Fjárfestingahreyfingar 6,4 m.kr. tengjast undirbúningi fyrir endurbætur Ásgarðs, dráttarbrautar og malbikunar.

10. Fundargerðir Hafnarsambands ísl.

Lagðar fram til kynningar fundargerðir Hafnarsambands Íslands nr 457 til 461 á tímabilinu 19. október 2023 til 16. febrúar 2024

11. Ársreikningur Hafnarsambands ísl.

Lagður fram til kynningar ársreikningur Hafnarsambands Íslands 2023. Samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga Hafnarsambands Íslands skal stjórn samþykkja ársreikninga eftir að þeir hafa verið kynntir aðildarhöfnum.

12. Fundargerð aðalfundar Cruise Iceland 4. apríl 2024

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Cruise Iceland frá 4. apríl 2024.

13. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 17:32.

Hafnar og skipulagsnefnd:

Erla María Lárusdóttir sign

Eva Guðbjartsdóttir sign

Reynir Lýðsson sign

Jóhann G. Sigurjónsson sign

Steindór R. Haraldsson sign

Starfsmenn:

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi sign

Ólafur Þór Ólafsson,
starfandi sveitarstjóri/hafnarstjóri sign